

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

1. gr.

Greiðsla.

Gjald fyrir hverja ferð hjá ferðaþjónustu fatlaðs fólks skal miðast við hálf almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

2. gr.

Gjaldskylda ónýtrar þjónustu.

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum tveimur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskráin er sett í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks nr. 292/2018, sbr. 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr 5. gr. laga nr. 37/2018.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 6. nóvember 2018 og tekur gildi frá og með 1. janúar 2019.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 20. desember 2018.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2018